

Svar

mennta- og menningarmálaráðherra við fyrirspurn frá Ólöfu Pálinu Úlfarsdóttur um samninga við grunnskólakennara.

Fyrirspurnin hljóðar svo:

Hyggst ráðherra beita áhrifum sínum til þess að Samband íslenskra sveitarfélaga semji við grunnskólakennara á sama hátt og samið var við framhaldsskólakennara svo að forðast megi röskun á skólastarfi á næstunni?

Að gefnu tilefni skal tekið fram að fyrirspurnin barst ráðuneytinu 19. maí en 20. maí skrifuðu þar til bærir samningsaðilar undir nýjan kjarasamning.

Ráðherra hafði ekki frumkvæði að því að hafa áhrif á kjaraviðræður grunnskólakennara, enda bera sveitarfélög ábyrgð á rekstri grunnskóla og kostnaði við þá samkvæmt lögum um grunnskóla, nr. 91/2008.